



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/29

Alþingi
Erindi nr. Þ
komudagur

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Nefndasvið Alþingis,
samgöngunefnd,
Austurstræti 8,
150 Reykjavík.

15. febrúar 2005

Efni: Skráning og rannsókn umferðarslysa, þingmál nr. 236.

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. þ.m., er leitað upplýsinga um það, hvort Samband íslenskra tryggingafélaga annist skráningu og/eða rannsókn umferðarslysa. Mun fyrirspurn af þessu tagi vera senda fjölmörgum aðilum.

Af hálfu Sambands íslenskra tryggingafélaga fer ekki fram kerfisbundin skráning eða rannsókn á umferðarslysum. Hjá váttryggingafélögum sjálfum er þó vinna af slíku tagi innt af hendi. Beinist hún fyrst og fremst að því að skrá muna- og líkamstjón, sem falla á félagin samkvæmt ökutækjatrýggingum, og að afla gagna um aðdraganda þeirra og afleiðingar, þannig að unnt sé að taka afstöðu til bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, og gera svo tjónið upp. Fer starf þetta í höfuðatriðum eftir lögum um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 með síðari breytingum, sbr. og lög nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga og lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson